

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 276/1983 með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 12. júlí 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð Richard Serra.

## 1. gr.

Sjóður Richard Serra er stofnaður í tilefni af gjöf listamannsins, myndverkinu Áfangar, sem reist var í Viðey í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 1990. Vísast hér með til samkomulags þar um, sem lögformlega er undirritað af gefanda listaverksins og viðtakendum. Viðtakendur gjafarinnar voru Listahátíð í Reykjavík, Listasafn Íslands og Reykjavíkurborg.

## 2. gr.

Markmið sjóðs Richard Serra er að efla höggmyndalist á Íslandi með því að veita ungum myndhöggvurum sérstök framlög til viðurkenningar á listsköpun þeirra.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins, skv. ofangreindu samkomulagi, er eitt hundrað þúsund þýsk mörk – 100.000,00 DM. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við hann og ávaxtast með sama hætti (sbr. 4. gr.).

## 4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé og öðrum framlögum til sjóðsins.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Einn skipaður af Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík, einn skipaður af Sambandi íslenskra myndlistarmanna og einn af Listasafni Íslands. Þessir aðilar skipa einnig varamenn. Fulltrúi Listasafns Íslands er formaður stjórnar. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn. Stjórnin skipti að öðru leyti með sér verkum.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum annað hvert ár, í fyrsta skipti árið 1992. Stjórnin ákvarðar hvernig staðið skuli að úthlutun hverju sinni.

## 7. gr.

Gera skal ársreikninga fyrir hvert almanaksár. Ársreikningur, endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, skal fullgerður og undirritaður af stjórn sjóðsins í lok janúar næsta almanaksárs.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting fær þó gildi, nema stjórn sjóðsins sé einhuga um hana.

## 9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki Richard Serra og erfingja hans og einhuga samþykki stjórnar. Ef sjóðurinn er lagður niður renna eigur hans til Myndhöggvarafélagsins.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum er verða kunna á henni, sbr. 8. gr.

Reykjavík, 30. apríl 1992.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júlí 1993.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

*Margrét Hauksdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglum nr. 244 24. maí 1987 um mælingar skipa.

## 1. gr.

4. tl. 1. gr. orðist svo:

Öll önnur gömul skip frá og með 18. júlí 1994.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 6. júlí 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*